



Fundargerð 272.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Þriðjudaginn 20. september 2022 kl. 16.15 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu Hafnasamlags Norðurlands við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ólafur Kjartansson, Jón Þorvaldur Heiðarsson, Ólafur Rúnar Ólafsson, Sverre Jakobsson og Þróstur Friðfinnsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Hafnasambandsþing 2022

Hafnasamlag Norðurlands á fimm þingfulltrúa á næsta hafnasambandsþingi og voru eftirtaldir stjórnarmenn kosnir á síðasta stjórnarfundum en þeir eru Inga Dís Sigurðardóttir, Sverre Jakobsson, Jóhann Gunnar Kristjánsson, Ásrún Ýr Gestsdóttir og Jón Þorvaldur Heiðarsson. Til vara verða Axel Grettisson og Ólafur Ólafsson.

2. Fjárhagsáætlun HN 2023, fyrri umræða

Hafnarstjóri lagði fram og kynnti drög að fjárhagsáætlun HN fyrir árið 2023. Fyrri umræðu lokið og henni vísað til síðari umræðu.

3. Framkvæmdaáætlun HN 2023, fyrri umræða

Hafnarstjóri lagði fram og kynnti framkvæmdaráætlun HN fyrir 2023. Fyrri umræðu lokið og henni vísað til síðari umræðu.

4. Upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn.

Akureyri er vaxandi ferðamannastaður og því brýnt að kanna með hvaða hætti best og auðveldast er að sinna þeirri sjálfsögðu skildu sveitafélagsins og hagsmunaaðila að veita ýmiskonar upplýsingar. Hafnasamlag Norðurlands kom að upplýsingamiðstöð í Hofi síðastliðið sumar ásamt fleirum og lýsir yfir áhuga á áframhaldandi þátttöku, þegar endanleg útfærsla verður ljós. Jóhann Gunnar vék af fundi undir þessum lið.

5. Endurbygging Torfunefsbyggju.

Hafnarstjóri fór yfir stöðu framkvæmda við endurbyggingu Torfunefsbyggju.

6. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundargerðin yfirfarin og staðfest.



Inga Dís Sigurðardóttir formaður

Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður

Axel Grettisson ritari

Ólafur Kjartansson

Jón Þorvaldur Heiðarsson

Ólafur Rúnar Ólafsson

Sverre Jakobsson

Þróstur Friðfinnsson

Pétur Ólafsson hafnarstjóri
